



Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag

Brennigerði



Síðasti torfbærinn í Brennigerði. Myndin er tekin 1920-1930.

**Katrín Gunnarsdóttir
Sigríður Sigurðardóttir
desember 2003**

2003/25

Rannsóknaskýrsla 25 Brennigerði

Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir í desember 2003

Forsíðumyndin er í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga
© Byggðasafn Skagfirðinga

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráninga	5
Skráning og aðferðir	7
Tegund, hlutverki og heiti.....	7
Um jarðanúmerin	8
Staðhættir og lýsing	8
Hættumat	8
Um heimildirnar.....	8
Helstu minjaflokkar	9
Minjar innan túns	9
Minjar utan túns	10
Minjar við sjó/vötn.....	12
Saga og fornleifar.....	13
Saga	13
Náttúrufar og jarðabætur.....	14
Fornleifakort	15
Fornleifaskrá	16
Hlutverk: Torfbær	16
Hlutverk: Fjós	17
Hlutverk: Fjárhús	17
Hlutverk: Fjárhús	18
Hlutverk: Fjárhús	18
Hlutverk: Brunnur.....	19
Hlutverk: Vegur	19
Hlutverk: Túngarður	20
Hlutverk: Matjurtagarður.....	20
Hlutverk: Tóft	21
Hlutverk: Móþurrkun.....	22
Hlutverk: Mótekja.....	22
Hlutverk: Túngarður	22
Hlutverk: Örnefni.....	23
Hlutverk: Áveitugarður / Áveita.....	23
Hlutverk: Garðlög.....	24
Hlutverk: Mótekja.....	24
Hlutverk: Mótekja.....	24
Hlutverk: Tóft	25
Hlutverk: Tóft	26
Hlutverk: Óþekkt tóft.....	27
Hlutverk: Stekkur.....	27
Hlutverk: Náttúruvinjar	28
Niðurstöður	29
Heimildir	30

Inngangur

Fornleifaskráning þessi nær yfir Brennigerði í Borgarsveit. Skráningin er unnin fyrir byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar í nóvember 2003 og endurbætt við yfirlestur skýrslu árið 2004.

Skráningu unnu Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur og Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur. Teikningar vann Katrín. Sigríður bætti við skrána og vann skýrsluna. Ljósmyndir tók Katrín. Á forsíðu er mynd frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga . Minjarnar eru staðsettar á loftmynd frá Landmælingum Íslands.

Álfur Ketilsson í Brennigerði leiðbeindi skrásetjara og skýrsluhöfund á vettvangi og veitti helstu upplýsingar um minjarnar. Honum eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Einnig Hjalta Pálssyni, sem veitti skrásetjara aðgang að frumheimildum sem hann safnaði við ritun byggðasögunnar.

Tilgangur fornleifaskráninga

- ✖ Með fornleifaskráningu er aflað þekkingar um sögu lands og þjóðar og lagður grunnur að verndun einstakra minjastaða og minjasvæða.
- ✖ Í fornleifaskráningu felst heimildaöflun um landnýtingu og búskaparhætti í fortíð, sem nýtist til ákvarðanatöku um varðveislu og landnýtingu í samtíð og framtíð.
- ✖ Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að óþörfu.
- ✖ Með fornleifaskráningu er lagður grunnur að áframhaldandi rannsóknum og kynningu á menningarumhverfinu.
- ✖ Það er hagur allra sem skipuleggja svæði eða standa fyrir framkvæmdum, sem raska jarðvegi, að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á viðkomandi svæði til að: 1) unnt sé að taka tillit til minjastaða við skipulagsvinnu og framkvæmdir og 2) minnka líkur á að óvænt finnist fornleifar sem nauðsynlegt reynist að rannsaka.

Þjóðminjalög 107/2001 kveða á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Það er best gert með því að kynna þær þjóðinni, greiða fyrir rannsóknum og auðvelda aðgang að þeim. Í 9.-14. gr. laganna eru ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifar eru skilgreindar í þjóðminjalögum sem:

... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

1. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
3. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
4. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
5. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
6. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
9. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.¹ Þjóðminjalaga.

Fornleifar eru friðhelgar og þeim má enginn spilla, granda né breyta, hylja, laga né aflaga, - nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Þetta á við um allar fornleifar, óháð friðlýsingum. Friðhelgi fornleifa er heldur ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins og komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 13. gr. Þjóðminjalaga).

Æskilegt er að beina framkvæmdum frá minjastöðum, en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara til að hægt sé að meta aðstæður. Fornleifavernd ríkisins getur krafist þess að framkvæmdum verði frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram.


Fornleifaskráning sameinar jafnt hagsmuni framkvæmdaaðila og þeirra sem standa vörð um minjaumhverfið og vilja fræðast um það. Björgunaruppgröftur er alltaf óæskilegur, frá öllum sjónarmiðum. Tafir á framkvæmdum geta verið kostnaðarsamar og ef um meiriháttar framkvæmdir er að ræða bera framkvæmdaaðilar kostnað af fornleifarannsóknum, ef nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sbr. 14. gr. Þjml.).

¹ Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Skráning og aðferðir

Skráning þessi nær yfir land Brennigerðis. Minjarnar eru skráðar í skráningakerfið Sarp² í númeraröð, en þeim er einnig raðað eftir jarðanúmerum. Upplýsingar eru flokkaðar samkvæmt kerfi Sarps, svo sem í: tegund, hlutverk og heiti, staðhætti, ástand og lýsingu, hættumat og heimildaskrá. Samtals voru skráðir 23 minjastaðir í Brennigerði.

Fornleifar eru skráðar eins og þær eru skilgreindar skv. 9. grein Þjóðminjalaganna 107/2001. Loftmynd bls. 10 sýnir minjastaðina sem eru merktir með númerum sínum.



Skráning fornleifa er í þeim kafla skýrslunnar sem nefnist „Saga og fornleifar“. Þar er gefið sögulegt yfirlit um jörðina og gerð grein fyrir atburðum, breytingum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á henni.

Tegund, hlutverki og heiti minja er lýst í örfáum orðum, þ.e. hvort um er að ræða tóftir bæja eða útihúsa, túngarða, áveituskurða og þar fram eftir götunum. Stundum sjást fornminjar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Leitast er við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt

ekki sé unnt að sjá þær á yfirborðinu með berum augum. Hafi fornminjarnar sérnafn eins og t.d. Grásteinn er það sérstaklega skráð. Þegar sérnafni er ekki til að dreifa er hlutverki minjanna lýst þar sem heitið kemur fyrir, t.d. fjárhús.

² SARPUR er skráningakerfi sem mörg opinber minjasöfn og stofnanir nota til samskráningar fyrir muni, myndir og minjar. Fornleifavernd ríkisins hefur aðgang að SARPI og sömuleiðis geta skipulagsyfirvöld sveitarfélaga fengið aðgang að honum.

Um jarðanúmerin

Jarðir eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis og tveimur númerum; landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. B fyrir Brennigerði og landsnúmerinu 145923 og númeri samkvæmt jarðatali Johnsens frá 1847³ sem er 54 í þessu tilviki. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan jarðarinnar. Nafnúmer minjanna kemur því fram með eftirfarandi hætti: B-145923-54-1 o.s.frv.

Lega

Til að staðsetja minjarnar var notuð loftmynd frá Byggingafulltrúa og Landmælingum Íslands, nr. N-5283 sem tekin var 05.02.2004. GPS hnit minjanna eru færð í skrána til nákvæmari staðsetningar.

Staðhættir og lýsing

Greint er frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi. Athugasemdir eru skráðar ef þörf er á.

Hættumat

Við skýrslugerðina er lagt mat á hættu sem að fornleifunum kann að stafa af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geta orðið fyrir raski. Hægt er að flokka áhættuþætti í þrennt: ábúð, veðrun og landbrot. Hætta vegna ábúðar stafar fyrst og fremst að framkvæmdagleði ábúenda sem kunna að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar og landbrots getur verið ef fornleifar eru að afmást fyrir áhrif vatns og vinda. Ekki er lagt hættumat á fornleifar, sem heimildir geta um en finnast ekki við vettvangsskráningu. Engu að síður er nauðsynlegt að taka tillit til slíkra heimilda við skipulag framkvæmda því fornleifar geta leynst undir grassverðinum.

Um heimildirnar

Aðalheimildir skýrslunnar eru Byggðasaga Skagafjarðar I og bændur í Brennigerði, þau Álfur Ketilsson og Margrét Stefánsdóttir.

³ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má skipta í tvo flokka, minjar innan og utan túns. Mesta sögu geyma bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra, en stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa eftir hlutverkum, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öld eftir öld á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar um er að ræða þótt engar heimildir hafi geymst um notkun þeirra. Þá er heldur ekki alltaf hægt að ákveða hvernig hús voru notuð.

Minjar innan túns

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði / bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftedleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðar voru hringlaga en urðu seinna ferhyrdir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en ætlað hefur verið.

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfestar við fjárhústóftir.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru ýmsir s.s. hænsna- og eldiviðarkofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum fehyrindir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en þær voru einn dilkur. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfernaskiðs að farið var að nota færirkvíar úr timbri og yfirleitt staðsettar á kvíabóli.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigur: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt

grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir: Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjaveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni við bæi.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algenzt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fódra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru

oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytja-einingar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Mótekja: Mór var notaður til eldsneytis og víða um land finnast minjar um það, svo sem gamlar mógrafir, örnefni sem tengist vinnslunni og fleira. Sama gildir um kolagrafir.

Samgöngur: gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.

Minjar við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Saga og fornleifar

Brennigerði

B - 145923-54

Brennigerði er í Borgarsveit. Norðurmörk jarðarinnar eru við Áshildarholt, austurmörkin við Borgargerði, suðurmörk liggja að Kimbastöðum og að Molduxatjörn og Litla-Molduxa að vestan.

Saga

Brennigerði var upphaflega hjáleiga frá Sjóvarborg „byggt [svo] fyrir manna minni í úthögum og var talinn áttundi partur jarðarinnar og hafði afdeilt tún og engjar“⁴, segir í Jarðabókinni frá 1709 og hafði verið í eyði í áratug, eða frá því stuttu fyrir 1700. Hafði ábúandinn í Gerði (Borgargerði) notað Brennigerði þann tíma til beitar.

„Þjóðsagan telur að Brennigerði hafi upphaflega verið sel frá Sjóvarborg og kallast Geitagerði. Þar stóð lítill bær, búr, eldhús og baðstofunefna fyrir selfólkið á sumrum. Svo að húsin stæðu ekki auð á vetrum leigði Sjóvarborgarbóndi mæðgum tveim húsin til íbúðar. Þeim líkaði vistin svo vel að þær vildu ekki hverfa burtu aftur og byggði eigandinn þeim út af gerðinu. Þær urðu þá að fara en lögðu um leið eld í kofana og brenndu til ösku. Eftir það var staðurinn kallaður Brennigerði sem varð síðan Brennigerði í munni manna.“⁵

Jörðin fylgdi Sjóvarborgareignum til 1846 er séra Sigurður Arnórsson á Sjóvarborg seldi hana Guðmundi Jónssyni á Ríp. Guðmundur fluttist að Brennigerði þrem árum síðar og Jón sonur hans tók við búskap þar af honum. Árið 1920 keypti Þorvaldur Guðmundsson jörðina, en seldi hana Árna Daníelssyni á Sjóvarborg 7 árum síðar. Árni seldi jörðina sama ár, 1927, en tók undan allt land neðan Þjóðveggar (Sauðárkróksbrautar) og lagði til Borgargerðis. Stefán Stefánsson eignaðist jörðina 1945, en 1971 gekk hún til dóttur hans Margrétar, sem er núverandi eigandi Brennigerðis.

Árið 1709 var landskuld af jörðinni 60-70 álnir og greidd í landaurum. Leigukúgildi voru tvö og leigur goldnar í smjöri.

⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Pála Vídalín 9. bindi, 1930. Bls. 55.

⁵ Byggðasaga I, 1999. Bls. 306.

Náttúrufar og jarðabætur

Árið 1849 var túnið um 6 dagsláttur, allt þýft og tók ræktun illa. Að jafnaði var hægt að fódra af því ríflega eina kú. Engjar voru í meðallagi grasgefnar, víðslægar og fremur heyléttar. Beit var í meðallagi. Kaupa þurfti sumarbeit fyrir eina kú. Torfrista og hrísrif voru til heimilisparfa. Jörðinni var ætlað að bera eina og hálfa kú, 32 ær, 36 sauði og 18 lömb í meðalári.



Þrætupartur milli Sjávarborgar og Brennigerðis var svokallað Brennigerðisvík vestanvert við Flæðitjörn, norðan við Sjávarborg. Það hefur væntanlega verið gamalt ítak, en spilda þar gaf í meðalári um 20 hesta af útheyi og var metin á hálf hundrað.

„Árið 1916 var túnið orðið 7,5 dagsláttur, í meðalrækt og gefur af sér 80 hesta.

Engjar snöggglendar og þýfðar en þurrar og gefa af sér um 200 hesta af léttu heyi“⁶

Túnið var þá 2,3 hektarar og mest allt slétt, samkvæmt upplýsingum með túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917. Heimreiðin lá upp túnið, frá sýsluveginum, heim á bæjarhlað. Suðvestan við bæinn var fjósið⁷ og vestan við hann, um það bil mitt á milli bæjar og túngarðs, voru tvenn búpeningshús

(sennilega fjárhús) samkvæmt túnakortinu. Utan túns (til vestan), voru þriðju húsin. Hvorki sést tangur né tetur eftir af þessum húsum. Þegar Stefán Stefánsson eignaðist jörðina 1945 var hesthúskofi, sennilega var byggður í kring um 1920⁸, þar sem fjós var byggt 1946.



⁶ Byggðasaga I, 1999. Bls. 306.

⁷ Árni Jónsson í Skriðu, Hróðmar Hjörleifsson Kimbastöðum.

⁸ Hróðmar Hjörleifsson Kimbastöðum.

Fornleifakort

Myndirnar eru teknar 1998 og 2004.



Fornleifaskrá



Brennigerðisbær 1920-1930. Bæjarþilin snéru á móti austri. Til vinstri á myndinn sést í afturenda á vagni sem sennilega er hlaðinn mó, en Brennigerðisbændur seldu mó til eldiviðar í stórum stíl til íbúa í Sauðárkrókskaupstað framan af 20. öld. Ljós. eign HSk.

Brennigerði 145923 54 - 1

Sérheiti: Brennigerði

Hlutverk: Torfbær

Tegund: Heimild

Lega: 65°N, 43, 12. 19°V, 38, 14

Horfin: Já

Hættumat: Hér þarf að fara varlega því búast má við jarðlægum leifum.

Staðhættir

Gamli bærinn stóð á túninu sunnan og aðeins vestan við núverandi íbúðarhús, norðan við skjólbeltið sem þar hefur verið gróðursett, og við lækinn, þar sem land er aðeins hærra en umhverfið.

Lýsing

Þarna hefur verið sléttað úr öllu.

Aðrar upplýsingar

Myndin sem hér fylgir er tekin á 3. áratug 20. aldar. Þil snéru til austurs, öll timburklædd, eins og sjá má. Kveikt var í bæjarhúsunum um 1935 og stóð ekkert eftir nema steypur strompurinn. Bæjarleifarnar voru látnar hverfa um 1947.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 306.

Hróðmar Hjörleifsson Kimbastöðum.

B - 145923 54 - 2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild um fjós

Lega: 65°N, 43, 12. 19°V, 38, 14

Hættumat: Helst er hætta af framkvæmdum og jarðvinnslu.

Staðhættir

Fjósið stóð rétt við gamla bæinn, í suður frá núverandi Brennigerðishúsum, þar sem land ber hæst við skjólbeltið (trjágróður) sem liggur austur - vestur.

Lýsing

Þarna hefur allt verið sléttað.

Aðrar upplýsingar

Árið 1979 voru framkvæmdir vegna skjólbeltis, aðeins sunnar og vestar en bæjarstæðið er, og


var þá komið niður á grjót sem væntanlega hafa verið úr hleðslum fjóss eða bæjar.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

Túnakort teiknað af Guðmundi

Sveinssyni 1917.



Ef miðað er við túnakortið frá 1917, og að heimreiðin (h) hafi legið upp brekkuna frá Sýsluveginum (S) úr austri, hefur bærinn (B) verið framarlega á hólum sem er suður af núverandi húsum í Brennigerði og fjós (F) þar vestan við. Á sléttunni vestur undan skurði og skjólgarði voru tvö búpeningshúsanna (F) og eitt vestast (F) vestan túns 1917, við Stekkjarmelinn. Brunnurinn (br) hefur væntanlega verið þar sem land er lægst rétt við lækinn, suður af bænum. Norður af húsum nr. 5 voru mógrafasvæðin 12,17-18.

B - 145923 54 - 3

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild um fjánhús

Lega: 65°N, 43, 10.

19°V, 38, 21

Hættumat: Helst er hætta af framkvæmdum.

Staðhættir


Í túninu suður og vestur frá íbúðarhúsinu í Brennigerði.

Lýsing

Þarna er allt nú sléttað.

Aðrar upplýsingar

Ef marka má túnakort frá 1917 voru hús þessi vestur undan gamla bænum og þarna hafa verið tvö hús hlið við hlið. Annað fast norðan við þetta.



Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1917

Heimildaskrá

Túnakort teiknað af Guðmundi Sveinssyni 1917.

Vettvangsathugun 13/10 2003.

B - 145923 54 - 4

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild um fjárhús

Lega: 65°N, 43, 10. 19°V, 38, 21

Hættumat: Helst er hætta af framkvæmdum.

Staðhættir

Hús þessi voru í túninu suður og vestur af núverandi íbúðarhúsi í Brennigerði, fyrir vestan gamla bæjarstaðið.

Lýsing

Þarna hefur verið sléttað úr öllu.


Aðrar upplýsingar

Samkvæmt túnakorti frá 1917 hafa þarna verið tvö búpeningshús hlið við hlið. Þetta stóð sunnar.

Heimildaskrá

Túnakort teiknað af Guðmundi Sveinssyni 1917.

Vettvangsathugun 13/10 2003.



Á myndinni sem er tekin sennilega um 1945-1950 sést afstaða húsanna í Brennigerði frá Kimbastöðum. 1) eru tóftir gamla bæjarins, 2) eru fjárhúsin nr. 3 sem síðast voru notuð sem hesthús og 3) eru tóftir fjárhúsa nr 4 og 5. Ljós í eigu Kimbastaðabæðra.

B - 145923 54 - 5

Hlutverk: Fjárhús

Lega: 65°N, 43, 10. 19°V, 38, 28.

Tegund: Heimild um fjárhús

Hættumat: Jarðlægar leifar fjárhúsanna eru sennilega enn í túninu og því þarf að sýna aðgát við allt jarðrask.

Staðhættir

Samkvæmt túnakortinu voru húsin í túninu, suður og vestur af núverandi bæjarhúsum í Brennigerði. Árið 1917 voru þau utan túns, vestur undan tveimur öðrum fjárhúsum, sem voru vestan bæjarins, sjá túnkortið.

Lýsing

Þarna hefur nú verið sléttað úr öllu.

Heimildaskrá

Túnakort teiknað af Guðmundi Sveinssyni 1917.

Vettvangsathugun 13/10 2003.

B - 145923 54 - 6

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Lega: 65°N, 43, 10. 19°V, 38, 11

Hættumat: Varlega skal fara við að allt jarðrask.

Staðhættir

Brunnurinn gæti hafa verið í suðvestur frá Brennigerðisbænum.

Lýsing

Þarna hefur verið sléttað og land ræst fram og brunnurinn er horfinn.

Aðrar upplýsingar

Þegar Guðmundur Arason afhenti jörðina árið 1918 lét hann yfirbyggingu á brunninum og brunnfötu fylgja sölunni.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 306.

Álfur Ketilsson Brennigerði.

B - 145923 54 - 7

Sérheiti: Gamli þjóðvegurinn.

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Lega: 65°N, 43, 10. 19°V, 38, 10

Hættumat: Æskilegt er að halda veginum lausum við trjágróður.

Staðhættir

Gamli þjóðvegurinn (Sýsluvegurinn) lá rétt neðan við Grástein, þaðan í suður fyrir neðan Brennigerðisbæ, í gegnum túnið eins og það er nú og til suður þar sem nú er komið skjólbelti með trjágróðri, suður og austur frá bænum. Hnit á veginum þar sem hann liggur að landamerkjum Kimbastaða eru: 65°N, 43,10.19°V, 38,01. Þar sem vegurinn liggur fyrir neðan skemmu á Brennigerði: 65°43,26 19°V38,06 og rétt neðan við Grástein er hann á 65°N, 43, 30 og 19°V, 38,14.

Lýsing

Vegurinn er vel sýnilegur á köflum kerruvegur, um þriggja-fjögurra metra breiður, en hann er horfinn í túnið þar sem hann var plægður upp.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 305.

Vettvangsathugun 13/10 2003.

B - 145923 54 - 8

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Lega: 65°N, 43, 10. 19°V, 39, 10

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 58 m


Hættumat: Garðurinn mun brátt hverfa í gróður.

Staðhættir

Í suðsuðvestur frá núverandi bæjarhúsum í Brennigerði, við skjólbelti í túnjaðrinum við gamla bæjarstæðið liggur túngarðurinn í austur-vestur, að norðanverðu með læk sem þar rennur.

Lýsing

Túngarðurinn er grasivaxinn, og hleðslugerð sést ekki.



Heimildaskrá

Vettvangsathugun 13/10 2003.

B - 145923 54 - 9

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Lega: 65°N, 44, 30. 19°V, 39, 10

Lengd: 12-15 m

Breidd: 5 m

Hættumat: Lítil hætta, nema af gróðri.

Staðhættir

Í suðaustur frá Brennigerði, í smá halla móti suðvestri, við gróðurbelti norðan við lækinn sem þar rennur, eru leifar matjurtagarðsins.


Lýsing

Garðurinn er L-laga. Garðabrotin eru óljós.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

Vettvangsathugun 13/10 2003.



B - 145923 54 - 10

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 43, 31. 19°V, 38, 33

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 0,70 m

Lengd: 14 m

Breidd: 7 m

Hættumat: Helst er hætta af framkvæmdum og skógrækt.

Staðhættir

Tóftin er stutt frá raflínu syðst og ofan við túnið í Brennigerði, með mið í nýbyggt timburhús í landi Messuholts, sem er beint í austur.

Lýsing

Tóftin er þrískipt og eru dyr til austurs, á miðhlutanum. Aðrar dyr eru ekki sýnilegar og engar eru greinilegar á milli

húshlutanna (krónna). Tóftin er öll grasivaxin og hleðslugerð sést því ekki. Myndin er til suðausturs, en teikningin er í öfuga átt. Örin vísar til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Ekkert er vitað um þessa tófta.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

Vettvangsathugun 13/10 2003.

B - 145923 54 - 11

Sérheiti: Holtið

Hlutverk: Móþurrkun

Tegund: Heimild

Lega: 65°N, 43, 26. 19°V, 38, 60

Hleðsluhæð: 0,50 m

Lengd: 1 m

Breidd: 1 m

Hættumat: Hætt er við að þetta svæði hverfi í gróður.

Staðhættir

Holtið er austur af, fyrir neðan, skemmu við Brennigerði, þar sem gamli þjóðvegurinn liggur í norður-suður. Mósvæðið er sunnan við núverandi afleggjara. Grásteinn (nr. 14) er gott kennileiti nokkra metra norðan afleggjarans, í norðvestur átt frá Móstæðinu.

Lýsing

Þarna var þurrkvöllur til að þurrka mó úr mógröfum úr sundunum þarna fyrir vestan og norðan. Gamli þjóðvegurinn liggur þarna um Holtið, svo stutt var að ná í móinn, en á fyrri hluta 20. aldar var mór seldur frá Brennigerði til íbúa á Sauðárkróki.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

Vettvangsathugun 13/10 2003.

B - 145923 54 - 12

Sérheiti: Mógrafarstykki / Stekkjargrund

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Horfið í túnsléttur.

Staðhættir

Mótekusvæðið var á Mógrafarstykkinu, sundinu vestan við hús í Brennigerði.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

B - 145923 54 - 13

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Lega: 65°N, 43, 19. 19°V, 38, 12

Lengd: 30 m

Hættumat: Túngarðinum stafar helst hætta af gróðri.

Staðhættir

Garðurinn er við gróðurreit í túninu fyrir austan (neðan við) íbúðarhúsið í Brennigerði.

Lýsing

Garðurinn liggur austur –vestur, lítið eitt bogadreginn til norðurs. Á stöku stað eru enn allstórir hleðslusteinar, en ekkert sést af torfhleðslu.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

Vettvangsathugun 20/10 2003.



B - 145923 54 - 14**Sérheiti: Grásteinn****Hlutverk: Örnefni**

Tegund: Náttúruminjar

Lega: 65°N, 43, 27. 19°V, 38, 18

Hættumat: Að Grásteini steðjar engin þekkt hætta og verður vonandi svo sem lengst.

Staðhættir

Grásteinn heitir ávöl klöpp nokkuð fyrir utan núverandi bæjarhús í Brennigerði.

Nökkra metra utan við beygjuna á afleggjaranum neðan við vélageymslurnar. Gamla þjóðleiðin (Sýsluvegurinn) lá rétt framhjá steininum.

Lýsing

Grásteinn er um 40 m að ummáli.

Aðrar upplýsingar

Huldufólkstrú er á steininum.

Munnmæli

Margar úrgáfur eru til af sögn þeirri er tengist Grásteini, en kjarni hennar er sá að maður var á ferð eftir veginum milli Kimbastaða og Brennigerðis. Ein heimild segir að það hafi verið Jón Bjarnason sem uppi var á síðari hluta 19. aldar. Þegar hann kom nokkuð út fyrir Kimbastaði sá hann stúlku ganga spölkorn á undan sér. Hann greikkar sporið til að hafa tal af stúlkunni en dró ekki á hana og þótti það kynlegt. Hleypur hann þá til og kallar á hana. Hún sneri sér við en ansaði engu og hélt áfram. Hljóp hann þá eftir stúlkunni. Hún beygði af veginum við Grástein og hvarf þar inn. Maðurinn var þá rétt á hælum hennar. Var hann orðinn reiður og kastaði broddstaf sínum eftir stúlkunni og skall hann í steininum og brotnaði. Nóttina eftir dreymdi hann að til hans kæmi kona í þungu skapi og átaldi fyrir illvirkið. Sagði hún stúlkuna dóttur sína og hafi hún fylgt honum. Stafur hans lenti í auga barns sem stóð í bæjardyrum og skaðaði það. Fyrir tiltækið skyldi hann verða gamall maður, hugsjúkur og sístelandi. Þetta þótti ganga eftir.

Heimildaskrá*Byggðasaga Skagafjarðar I.* Bls. 305.

Ólafur Davíðsson, 1945. Bls. 76-77.

B - 145923 54 - 15**Hlutverk: Áveitugarður / Áveita**

Tegund: Mannvirki

Lega: 65°N, 43,23. 19°V, 37,79.

Hættumat: Garðinum stafar helst hætta af gróðri.

Staðhættir

Áveitustykki var í mýrunum niður undan gamla bænum norðan við bæjarlækinn. Þar neðan við eru nokkrir 20. aldar kílskurðir.

Lýsing

Áveitugarðurinn er um 150 m á lengd og liggur í stefnu norður – suður.

Heimildaskrá*Byggðasaga Skagafjarðar I.* bls. 305.

B - 145923 54 - 16

Hlutverk: Garðlög

Tegund: Manngerðir garðar

Hættumat: Helst hætta vegna skógræktar.

Staðhættir

Hringlaga garðlög sjást vel í hlíðinni vestan núverandi túna, vestur af skemmunum, stutt frá vegslóða, sjá loftmynd bls. 15.

Lýsing

Hringur þessir eru grasivaxinn, en afmarkar svæði sem er um 20-30 metrar í þvermál.

Ekkert er um hann vitað.

Aðrar upplýsingar

Það er ekkert vitað um tilgang þessara garða, en líkur eru á að þarna hafi verið náttugi frá stekki á Stekkholtinu.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

B - 145923 54 - 17

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild um mótekju

Lega: 65°N, 43, 10. 19°V, 38, 21

Hættumat: Mótekjusvæðinu stafar helst hætta af gróðri.

Staðhættir

Mótekja var við túnsléttunna vestan við núverandi Brennigerðishús. Mestur hluti svæðisins hefur verið sléttað og er tún (sjá nr. 12).

Lýsing

Þarna er nú mjög gróinn úthagi.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

Vettvangsathugun 20/10/2003.

B - 145923 54 - 18

Sérheiti: Móstæði

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Hleðsla

65°N, 43, 11. 19°V, 38, 39

Þvermál: 0,50 m

Hleðsluhæð: 0,80 m

Lengd: 2 m

Breidd: 2 m

Hættumat: Móstæðinu stafar helst hætta af gróðri.

Staðhættir

Móstæðið er fyrir ofan túnið, vestur af núverandi bæjarhúsi, yst á svokölluðum Stekkjarmel, vestan við vegaslóða sem þar er.

Lýsing

Móstæðið er hringlaga, upphlaðið, grasivaxið og sést í smá hleðslur á miðju stæðisins.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

Vettvangsathugun 13/10/2003

B - 145923 54 - 19

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 43, 13.

19°V, 38, 39.

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 0.50 m

Lengd: 8 m

Breidd: 6-7 m

Hættumat: Helst er hætta af framkvæmdum og skógrækt.

Staðhættir

Tóftirnar eru vestan túns, ofan við núverandi bæjarhús í Brennigerði, yst á Stekkjarmelnum vestan við vegaslóða sem þarna liggur og sést á myndinni.

Lýsing

Tóftin er fremur óljós og öll grasivaxin, hún er í einu lagi, eins og rétt og opnast til austurs. Önnur tóft álíka stór er 7 m vestar.

Aðrar upplýsingar


Enginn veit neitt lengur um þessar tóftir.



Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

Vettvangsathugun 13/10 2003.



Tóftin til hægri er sú sem hér er til um-fjöllunar (nr. 19). Tóftin til vinstri (nr20). Sjá umfjöllun um hana hér á eftir. Á myndinni sést tóftasvæðið. Ljm.KG



Myndin er tekin yfir tóftarbrotið nr. 19 og 20. til norvesturs. Ljm. KG.

B - 145923 54 - 20

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

65°N, 43, 13. 19°V, 38, 39.

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 0,50 m

Lengd: 8 m

Breidd: 6 m

Breidd: 7 m

Hættumat: Helst er hætta af framkvæmdum.

Staðhættir

Tóftir af óþekktum mannvirkjum eru vestan við tún, upp af núverandi bæjarhúsi í Brennigerði, vestan við vegaslóðann, yst á Stekkjarmelnum.

Lýsing

Tóftin er fremur óljós og öll grasivaxin. Hún er í einum hluta og opin til norðurs.

Önnur tóft álíka stór er 7 m austar.

Aðrar upplýsingar

Það er ekkert vitað um tilgang þessara tófta.

Heimildaskrá

Álfur Ketilsson Brennigerði.

Vettvangsathugun 13/10 2003.

B - 145923 54 - 21

Hlutverk: Óþekkt tóft

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 43, 30. 19°V, 38, 40.

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 0,50 m

Lengd: 10 m

Breidd: 6 m

Hættumat: Helst er hætta af framkvæmdum og trjárækt.

Staðhættir

Tóft þessi er syðst í Stekkjarmelnum, suður og upp (vestur) af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing

Tóftin er öll grasi vaxin. Ekki sést í hleðslur, en veggbrotin eru nokkuð greinileg, en sundurslitin.

Aðrar upplýsingar



Ekkert er vitað um tilgang þessara tófta.

Heimildir

Vettvangsathugun í nóvember 2003



Teikningin og myndin er af stekkestæðinu. Ljósmyndari horfir til austnorðausturs. Ljm. KG.



B - 145923 54 - 22

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Lega: 65°N, 43, 03.

19°V, 38, 40.

Hleðsluhæð: 0,80 m

Stærð: 14 x 11 m

Hættumat: Helst er hætta af trjágróðri.

Staðhættir

Stekkurinn er sunnan í Stekkjarmel, upp og vestur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Stekkjartóftin er grasivaxin. Tóftin er tvískipt, og við hana er eins og upphækkaður stallur, um 0,50 m hár með óljósri veggjahleðslu á suðurhlið. Á stærri dillnum eru dyr í suður, en á hinum í suður og vestur.

Aðrar upplýsingar

Þegar Guðmundur Arason afhenti jörðina árið 1918 lét hann þrjár kvíagrindur fylgja sölunni og hefur hann því sennilega fært frá ám sínum í færiskvíum.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 306.

B - 145923 54 - 23

Sérheiti: Hrafnaklettur

Hlutverk: Náttúruminjar

Tegund: Náttúruminjar

Hættumat: Engin hættu nema af manna völdum.

Staðhættir

Hrafnaklettur heita allmargir stakir klettur í hlíðinni út og upp frá bænum og mynda einskonar „sneiðing“ út á fjallsbrún í landi Áshildarholts.

Aðrar upplýsingar

Hrafnar hafa verpt í klettunum einu sinni á búskapartíð núverandi ábúenda.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar I. Bls. 306.

Niðurstöður

Þær fornleifar, í landi Brennigerðis, sem eru í mestri hættu vegna framkvæmda er gamla bæjarstæðið og peningshúsin sem nefnd eru á túnakortinu frá 1917, og sjást ekki lengur og þar sem giskað var á staðsetningu þeirra þarf að staðsetja jarðlægar leifar þessara húsa betur þess færi gefst til þess.

Tóftir ofan túngirðinga, í hlíðinni vestan við túnin og á og við Stekkjarmel, sem óvíst er hvaða hlutverki gegndu í fyrndinni, ber að varðveita vel ásamt tóftum þekktra búsetuminja. Fornleifarannsóknir gætu hugsanlega leitt í ljós hvaða hlutverki tóftirnar gegndu. Sögnin um huldufólksbyggð í Grásteini er merkileg í þjóðfræðilegu ljósi og ber að varðveita vel.

Minjastaðina þarf að varðveita vel og skoða betur ef tækifæri gefst. Þar sem jörðin hefur verið í byggð í mörg hundruð ár þarf ekki að koma á óvart að rekast á fleiri minjar við jarðrask, og líkur eru á að helmingi fleiri minjar hafi horfið undir græna torfu, heldur en þær sem við þekkjum í dag. Vegna stórhuga skógræktaráforma og ört vaxandi þéttbýlis í næsta nágrenni þarf að sýna gát við skipulagningu jarðarinnar og hafa að leiðarljósi að taka tillit til menja um fyrri tíma ábúð.

Heimildir

Munnlegar heimildir, vettvangskannanir og kort:

Álfur Ketilsson bóndi Brennigerði f. 1939.

Árni Jónsson frá Skriðu, f. 1922.

Hróðmar Hjörleifsson bóndi Kimbastöðum f. 1931.

Loftmyndir frá Landmælingum Íslands nr. N-5283 sem tekin 05.02.2004.

Margrét Stefánsdóttir bóndi Brennigerði f. 1942.

Túnakort teiknað af Guðmundi Sveinssyni 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vettvangsathugun Katrínar Gunnarsdóttur þann 20.10.2003.

Ritaðar heimildir:

Byggðasaga I. bindi. Skefilsstaðahreppur - Skarðshreppur. Akureyri 1999.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 9. bindi, 1930. Kaupmannahöfn.

Ólafur Davíðsson, 1945. *Íslenzkar þjóðsögur I.* Akureyri.